



Bæjarhraun - Hafnarfjörður. 108,9 fm skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. Húsnæðið skiptist í móttöku, baðherbergi stórt opið rými og fundarherbergi. Möguleiki á hagstæðri fjármögnun. Til afhendingar nú þegar. **V. 9,0 m.** 4591



Bolholt Vel staðsett og ný innréttað gistiheimili á fjórðu hæð með 13 rúmgóðum herbergjum, þvottahúsi og sal. Húsnæðið er miðsvæðis í Reykjavík, lyfta er í húsinu og glæsilegt útsýni. **V. 65 m.** 5011



Hyrjarhöfði 588,5 fm gott atvinnu- iðnaðarhúsnæði með góðri lofthæð og innkeyrsluhurðum. Allt mjög snyrtilegt og í góðu viðhaldi. Stór girt og malbikað bílaplan. **V. 55 m.** 4919



Hvaleyrarbraut 187,5 fm atvinnuhúsnæði (fyrir fiskvinnsla) á jarðhæð með innkeyrsludyrum. Húsnæðið skiptist í stórt opið rými með mikilli lofthæð, skrifstofu og snyrtingu. Malbikað bílaplan að framan. Möguleiki á hagstæðri fjármögnun. **V. 13,5 m.** 4678



Stórhöfði 580 fm gott húsnæði með sérinnangangi, í húsnæðinu eru innréttað u.þ.b. 25 herb. ásamt móttöku. Möguleiki á góðum greiðslukjöri. **V. 49,0 m.** 3915

Smiðjuvegur Gott atvinnuhúsnæði á efri hæð með innkeyrsludyrum, húsnæðið sem er innréttað og nýtt hefur verið fyrir kjötvinnslu skiptist í þrjár skrifstofur, tvö búningsherbergi, eldhús, vinnslusali, frysti- og kæligeymslur. **V. 39 m.** 5165

Verslunar og/eða lagerhús 3.600 fm heil húseign vel staðsett miðsvæðis. Húsið hentar mjög vel bæði fyrir verslun og sem lagerhús. Lofthæð u.þ.b 10 m, fjöldi innkeyrsluhurða og góður glerfrontur. Stór lóð með malbikuðum bílastæðum. **5177**



Faxafen 586,5 fm húsnæði í kjallara sem í dag er nýtt sem heilsurækt. Malbikað bílaplan að framan. Möguleiki á hagstæðri fjármögnun. **V. 43,0 m.** 4686



Vesturvör 164 fm endabil á 1. hæð í góðu iðnaðarhúsi. Möguleiki á hagstæðri fjármögnun. 4679



Krókháls - Góð greiðslukjör. 508 fm vel staðsett skrifstofuhæð á efstu hæð auk milli loftis í góðu lyftuhúsi. Glæsilegt útsýni, fjöldi bílastæða, laus til afhendingar stax. Góð greiðslukjör. **V. 40,0 m.** 3422



Suðurlandsbraut - Skeifan 791,3 fm glæsilegt og vel staðsett verslunar- og lagerhúsnæði á einum besta og fjölfarnasta verslunarstað borgarinnar.

Eignin býður uppá margskonar nýtingarmöguleika. **V. 95 m.** 4807



Stórhöfði 248,5 fm skrifstofurými á 3. hæð (2. hæð frá götu). Rýmið skiptist í hol, skrifstofu, fundarherbergi, stórt opið rými, geymslu, snyrtingu og risloft með eldhúsi. Glæsilegt útsýni. Skipti koma til greina. **V. 22,5 m.** 4766



Hlíðasmári 181 fm gott verslunarhúsnæði á jarðhæð í nýlegu húsi. Húsnæðið er mjög vel staðsett á horni og vel innréttað. **V. 32,0 m.** 4523



Laugavegur - Til leiga Jarðhæðin í þessu glæsilega húsnæði er til leigu. Eignin getur leigst í einu eða tvennu lagi. Einstakt tækifæri. Nánari upplýsingar gefur Þorlákur á skrifstofu Miðborgar eða í síma 820-2399 4819



Völuteigur - Mosfellsbær 1.408,3 fm nýl. og vandað húsnæði með mikla lofthæð. Góð aðkoma, fjöldi bílastæða á frágenginni lóð. Áhvgagstætt langtímalán. Eignaskipti mögul. **V. 130 m.** 4166

Á rölti með augun opin



Á textílsýningu á Kjarvalsstöðum. Verk eftir Hrafnhildi Arnardóttur. Verkið heitir Vinstra og hægra heilahvel, 2004. Efn-ið er gervihár. Hér kemur vel í ljós hversu illa lýsingin í loftinu er hönnuð en hún er víst óumbreytanleg.

Skin og skúrir á Klambratúni

Eftir Gísli Sigurðsson

BÆRINN Klambrar stóð þar sem nú er Miklatún. Þar voru aldrei „mik-il“ tún og alveg ástæðulaust að breyta nafninu þó að Listamannaskálinn væri færður þangað. Hann hafði áður staðið við Kirkjustræti; óvandað hús sem tjaldað var til einnar nætur. Þar voru samt sem áður haldnar merkar sýningar á þeim tíma þegar mál-verkið blómstraði, en líklega sló Kjarvalssýningin á stríðsárunum þær allar út. Þá var þjóðin nýrík, áfjád í list og má segja að tímabil hins almenna áhuga, sem þá hófst, hafi staðið í rúmlega fjóra áratugi.

Með nýju listhúsi á Klambratúni átti að slá tvær flugur í einu höggi: Reisa Kjarval hús til að geta sýnt að staðaldri hluta af lífsverki meistarans og í annan stað átti að endurreisa Listamannaskálan. Þá voru myndlistarmenn búnir að safna peningum sem verja skyldi til sýningarhúss. Má segja að þeir fjármunir hafi gufað upp á Kjarvalsstöðum og listamennirnir misstu sjálfir þau tók sem þeir höfðu haft í Listamannaskálanum.

Þetta og fleira var ég að hugleidda á rölti með augun opin á Klambratúni. Kjarvalsstaðir eru ekki eitt af þeim húsum í borginni sem nefnd eru til dæmis um það sem hæst ber í byggingarlist okkar frá nýliðinni öld. Raunar bar byggingu hússins upp á fremur dapurlegt tímabil í arkitektúr; ekki bara hérlandis heldur víðast hvar í hinum vestræna heimi. Þar fyrir utan mistókst lýsingin, sem er grundvallaratriði í sýningarhúsi, og varð deilufeni. Þegar til stóð að bæta úr rákust þær fyrirætlanir á höfundarrétt arkitektsins. Allt var það ein raunasaga.

Sú skipan var lengi viðhöfð að lista-menn gátu sótt um að sýna á Kjarvalsstöðum, oftast annaðhvort í Austursal eða Vestursal, sem er stærri. Frá áttunda og níunda áratugnum man ég eftir sýningum sem fengu gríðarlega aðsókn og menn seldu eftir því. Það var eftirtektarvert að fylgjast með þeim almenna áhuga sem birtist við opnanir hjá vinsælum málurum eins og Baltasar, Eiríki Smith, Einarí Hákonarsyni og fleirum. Jafnvel ég, sem var einn af minni spámönnum, fékk svo góða aðsókn á Kjarvalsstaðasýningu 1982 og 1986 að inngangseyrir á sunnudagssíðdegidugði fyrir leigunni fyrir salinn allan tímann. Sýningin 1982 var temasýning; myndefnið fengið úr íslenskum ljóðum. Sú sýning seldist upp og ég gat byggt mér vinnustofu fyrir af-raksturinn.

Mér er sem ég sæi eitthvað álíka gerast núna, en hitt er líklegra og raunar alveg víst, að hvorki mundi ég, Eiríkur, Baltasar né Einar Hákonarson þykja nógu finir pappírar til að vera boðið að sýna og við fengjum raunar ekki inni þótt við sækjum um. Nú hafa listfræðingar völdin; þeir eru að „skrifa listasöguna“ eins og það heitir og vilja ráða því einir hverjir komast upp á dekk. Ugglaustr telja einhverjir þá skipan til framfara og benda á að svona sé það hjá stóru þjóðunum. Það er samt að einu leyti dimmt yfir Klambratúni; hinn al-



Margir hugsa sér textíl sem efnivið í veggteppi eða einhvern vefnað sem getur legið á borði eða gólfi. En því fer fjarri að nútíma textíllistamenn hugsi þannig. Sést til dæmis hér að textílverk eftir bandaríska listakonu, Sarah Wolf Newlands, er í rauninni fullgildur skúlptúr.



Textílsýning á Kjarvalsstöðum. Flétta, verk eftir Hlyn Helgason. Áletraðir borðar eru stengdir á misvíxl og hvort þetta er textílverk eða skúlptúr skiptir ekki öllu máli.

menni áhugi á fyrri árum er greinilega ekki lengur fyrir hendi. Ótal oft heyrir ég fólk segja að það sé alveg hætt að sækja sýningar, sem voru þó fastur punktur í tilverunni hjá mörgum fram eftir síðustu öld. Með konseptlist eða hugmyndalist í bland við naumhyggju er einfaldlega búið að halda of margar leiðinlegar eða lítt áhugaverðar sýningar sem hafa fælt fólk frá. Þetta er orðin löng og dimm lægð og hún er ekki bara yfir Klambratúni.

Ég man samt eftir mörgum ljósum punktum eða sólskinsblettum á Kjarvalsstöðum síðustu áratugina, annaðhvort væri nú. Sem betur fer birtast stundum snjallir listamenn en hreinræktað málverk sést sjaldnar en áður. Alltaf er unun að sjá vel mál-aða mynd, en mér er þó í rauninni alveg sama hvers konar tækni listamenn tileinka sér, hvort það heitir skúlptúr eða málverk eða sín ögnin af hvoru.

Á rölti um Klambratúnið leit ég inn á Kjarvalsstöðum þar sem yfir stendur afmælissýning Textílfélagsins. Þess er minnst að 30 ár eru liðin frá stofnun félagsins. Sýningin er sum-part áhugaverð en varla framúrskarandi; ég hvet samt listunnendur til að láta hana ekki framhjá sér fara. Hún er áhugaverð vegna þess að hún leiðir vel í ljós breytingu sem er að verða í listum almennt, þar sem landmæri eru að verða óljós og ein listgrein flæðir inn í aðra.

Þegar félag er kennt við textíl sér maður fyrir sér þræði, spuna, vefnað

Morgunblaðið/Gísli Sigurðsson

og annað álíka. Þannig var það líka framan af að textíllistamenn unnu að vefmyndum og veggteppum og þessi list byggðist á handverki og gjarna á gerð nýtjahluta. Þetta er liðin tíð. Nútíma textíllistamaður notar margskonar efni, gervihár, hrosshár, ljósmyndatekni, jafnvel gler og stundum er ekki auðvelt að átta sig á efniviðnum. Ekki skiptir það máli að minni hyggju. Hér er á ferðinni sjálfstæð listsköpun með blandaðri tækni og það er í rauninni úrelt að kenna þetta við textíl. Þessa sýningu, líkt og margar aðrar, einkennir samt viss tólmleiki sem er tízkufyrirbæri og skilgetið afkvæmi naumhyggjunnar. Stundum verður þetta beinlínis hallerslegt; mátti ég biðja um ofurlítið meira kjöt á beinin.

Ég hef séð mér til ánægju að loksins er ljósmyndin að hljóta sess sem fullgildur listmiðill. Það vill svo til að einn albezt myndlistarmaður þjóðarinnar, Ragnar Axelsson, Rax á Morgunblaðinu, notar þennan miðil og nýja bókina hans er listviðburður sem ég óska honum til hamingju með.

Ég vona líka að ég eigi oft eftir að röltu um sali á Kjarvalsstöðum með augun opin. Þá er mér hjartanlega sama í hvers konar blandaðri tækni listamenn vinna og hvort þeir kalla það textíl eða eitthvað annað. En ég vona að til verði myndlist, sem aftur geti dregið áhugafólk að Kjarvalsstöðum, þá ekki sízt yngri kynslóðina, og að sú myndlist verði sprottin úr okkar íslenska jarðvegi, en ekki einberar eftirhermur.